

Nd.

388. Nefndarálit

[81. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

- A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lakkandi ofan af norðurbrún hraunsins. 2. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum. 3. Þaðan bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark frá Vífilstöðum. 4. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika. 5. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi. 6. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvartjarnarinnar. 7. Eftir stíflugarðinum, yfir tjörnina. 8. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni. 9. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarbraut. 10. Þá lína í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar. 11. Þaðan í Lækjarbotna. 12. Þá í Gráhellu. 13. Þaðan í miðjan Ketshelli. 14. Eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðavegi í Kaplatór (Strandartorfur). 15. Þaðan bein lína í Markkraka. 16. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi. 17. Meðfram Krýsuvíkurvegi, þar til kemur að norðurbrún Kapelluhrauns. 18. Með norðurbrún Kapelluhrauns að Keflavíkurvegi. 19. Meðfram Keflavíkurvegi suður fyrir Kapelluhraun til sjávar.
- B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

Alþingi, 16. apríl 1959.

Pétur Pétursson, Gísli Guðmundsson, Bjarni Benediktsson.
form., frsm. fundaskr.

Gunnar Jóhannsson, Björn Ólafsson.
með fyrirvara.